



Stúdentaráð Háskólans. Tillögur nefndar um styrkjamál stúdenta 1937

Bjarni Benediktsson Stúdentaráð Háskólans. Tillögur nefndar um styrkjamál stúdenta 1937 – Ólafur Lárusson – Framfærslukostnaður – Stúdenta - Húsaleigustyrkur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefnd sú, sem Stúdentaráð Háskólans kaus í des. s.l. til að gera athuganir og tillögur um styrkjamál stúdenta, hefir tekið málið til athugunar og gerir eftirfarandi tillögur:

Fyrst skal skýrt frá athugunum um fjárhag stúdenta.

Árið 1938 gerði prófessor Ólafur Lárusson rannsókn á framfærslukostnaði stúdenta í Reykjavík og reyndist hann vera um kr. 1600.00 að meðaltali yfir háskólaárið.

Tekjur stúdenta af sumarvinnu sinni hinsvegar mun láta nærri að vera um 700 kr. að meðaltali í mesta lagi.

Þá vantar stúdenta að meðaltali um 900 kr. hvern, til að framfæra sig yfir veturinn.

Í háskólanum munu vera við nám ca. 200 stúdentar. Af þessum 200 sóttu 77 um styrk á þessu háskólaári. Þess skal þó getið, að sú regla hefir verið upptekin nú um allmargra ára skeið, að stúdentum á 1. námsári hefir ekki verið veittur styrkur, og sækja þeir því ekki um styrk. Tölu þeirra, sem styrkja eru þurfi mun því óhætt að hækka upp í 100, a.m.k. Hinir 100 má gera ráð fyrir, að njóti svo ríflegs styrkjar frá ættmönnum sínum, að þeir þurfi ekki á að halda, að fá af ríkissjóðsstyrknum.

Eins og fyr getur mun þá 100 stúdenta, sem styrkþurfi eru, vanta ca. 900 kr. á mann á ári upp í kostnað við nám sitt, þ.e.a.s. alls 90000.- kr. Þessa fjár munu stúdentar því afla á eftirfarandi hátt aðallega:

1. 24000.- kr. fá þeir af ríkissjóðsstyrk.

2. Vetrarvinnu jafnhliða náminu. Mun þar aðallega vera um tímakennslu að ræða, sem borguð er að jafnaði með 2.- kr. um stundina.

3. Lántökur.

Af 77 stúdentum, sem um styrk hafa sótt eru 25, sem ýmist segjast ekki skulda neitt, segjast aðeins skulda foreldrum sínum, eða svara spurningunni alls ekki. Auk þess eru 3 stúdentar, sem að vísu segjast vera skuldugir, en tilgreina ekki heildarupphæðina. Hinir 49 skulda alls kr. 54685.00, eða að meðaltali kr. 1116.00. Sá sem telur mestar skuldir fram, skuldar kr. 6185.00, en sá sem lægst telur fram kr. 60.00. Tveir stúdentar skulda yfir 3000 kr., sex 2-3000 kr., fimm 1500-2000 kr., fjórir 1000-1500 kr., fjórir 200 kr. eða minna, hinir allir 250-900 kr. hver. Eftir aldri stúdenta eru skuldirnar þannig:

Stúdentsár	Tala stúd.	Skuldin alls	Meðaltal
1928	1	1500.00	1500.00
1930	1	6185.00	6185.00
1932	2	2850.00	1425.00
1933	5	10675.00	2135.00
1934	12	11100.00	925.00
1935	9	8350.00	927.00
1936	8	4930.00	616.00
1937	11	9095.00	826.00

Það er rétt að geta þess, að þessi lán eru tekin á alllöngum tíma og sumpart jafnvel á menntaskólaárum, svo ekki munu stúdentar afla meira en 8-10 þús. kr. á ári á þennan hátt.

Um 2. er það að segja, að mjög mikil aukavinna jafnframt náminu er mjög óheppileg fyrir stúdenta. Húntefur þá frá náminu og lengir þessvegna námstíma þeirra að sama skapi. En á hinn bóginn hafa sumir gengið fram af sér með því að vinna svo mjög á námstímanum og stunda námið svo vel að þeir geti lokið því á jafnskömmum tíma og þeir, er eigi þurfa á veturnum á vinnu að halda. Ennfremur er þessi aukavinna þrándur í götu alls félagslífs meðal stúdenta, sem er að mörgu leyti ábótavant, en hinsvegar almennt viðurkent, að heilbrigt félagslíf, þar sem því

er að heilsa á sinn ríka þátt í því að frá menntastofnunum komi þjóðfélaginu nýtir þegnar. Loks má geta þess að mikil aukavinna hindrar stúdenta í því að vinna að áhugamálum sínum, sem skyldi, sem þeir annars myndu gera, og má eflaust til þessa sakja helztu orsakir þess, hve tiltölulega lítið stúdentar láta sig skipta almenn málefni landsmanna.

Um 3. má það segja, að sú leið verður óheppileg að teljast, vegna þess, að lánsfé er um þessar mundir dýrt og torfengið, ekki sízt þegar svo er umhorfs, sem nú, hvað snertir atvinnumöguleika kandiata. Komið hefir fram tillaga meðal stúdenta um það, að breyta bæri náms- og húsaleigustyrknum í vaxtalaus lán og lengja lánstímann miðað við þann tíma, sem láns- sjóður stúdenta gefur.

Þessa leið verðum við að telja óheppilega, vegna eftirfarandi ástæðna:

1. Þetta myndi ekki koma stúdentum að neinu liði, fyr en féð fer að greiðast inn aftur og það því síðar, sem lánstíminn verður lengri. En það mun hafa verið höfuðtilgangur tillögumanna, að á þennan hátt safnaðist fyrir fé, sem síðar setti að nota til stúdentalána. En nú er hag stúdenta þannig komið, að einhverra aðgerða er þörf, sem strax koma að gagni.

2. Sumir stúdentar eru þannig gerðir, að þeir kjósa heldur að leggja hart að sér með aukavinnu, heldur en að taka lán, þótt þau fáist. En þessir menr, sem þennan hugsunarhátt hafa, eru þeir, sem einna helst er rétt að styrkja. Þess má geta að Láns- sjóður stúdenta, sem veitir lán stúdentum, sem komnir eru nærri prófi, hefir nú hin síðustu ár meira en fullnægt eftirspurninni eftir lánsfé. T.d. sóttu í vor ekki nema 4 menn um lán

tæpar kr. 2000.00 úr sjóðnum og mundi hann þó hafa getað veitt milli 4 og 5 þús. kr. til 8-10 manna.

3. Ennfremur er erfitt fyrir kandidata að burðast með mikla skulda-byrði, að prófi loknu, þar sem erfitt mun nú fyrir marga að fá fullkomna atvinnu strax.

Við teljum því að námsstyrkurinn verði affarasælli fyrir stúdenta en lántökur og sjáum okkur því ekki fært að styðja þessa tillögu.

Aður hefir margsinnis verið sýnt fram á hversu mjög styrkveitingar til stúdenta hafa lækkað er tillit er tekið til fjölgunar stúdenta og þess hve kaupmáttur krónunnar hefir minnkað og nú veldur hin nýorðna gengislækkun ísl. krónunnar raunverulega nýrri skerðingu þessara styrkja, vegna þess að framfærslukostnaður stúdenta hlýtur óhjákvæmilega að hækka.

Að þessu athuguðu leggjum við því til, að reynt verði á allan hátt að hækka styrkjafjárhæðina eins og frekast er unnt.

Þykir okkur því rétt, að fyrst um sinn verði farið fram á að hækka fjárhæðina í 33 þús. kr. samanlagt. Nemur sú hækkun ríflega gengislækkuninni. Síðar meir, ef léttir um hag ríkissjóðs, þykir okkur rétt að hækka fjárhæðina, enn um 17 þús. kr., svo hún samtals verði 50 þús. kr.

Reykjavík, 6. maí 1939.

Skýrsla

um náms- og húsaleigustyrk háskólastudenta 1911-1937.

Ár	Náms- og húsaleigu- styrkur samtals.	Styrk- þegar	Meðal- styrkur hvers styrkþ.	4) Tala stúd.	Meðalst. hvers stúd. ef allir hefðu hlotið styrk.	Raunverul. meðalstyrkur hvers stúd. reiknaður eftir vísitölum framfærslukostn.	5) Vísitölur framfærslu- kostnaðar í Reykjavík.
1911-12	6155,00	1) 42	146,55	45	136,78	136,78	100
1912-13	10480,00	2) 41	255,61	43	243,72	243,72	100
1913-14	11675,25	2) 49	238,27	57	204,83	204,83	100
1914-15	11799,99	2) 55	214,54	61	193,44	179,11	108
1915-16	13000,00	53	245,28	58	224,14	182,23	123
1916-17	13000,00	60	216,67	64	203,13	131,05	155
1917-18	19500,00	3) 72	270,83	80	243,75	98,29	248
1918-19	13000,00	69	188,41	87	149,43	44,87	333
1919-20	22000,00	77	285,71	84	261,90	75,26	348
1920-21	22000,00	73	301,31	93	236,56	53,04	446
1921-22	22000,00	76	289,47	90	244,44	73,85	331
1922-23	18000,00	79	227,85	110	163,64	56,23	291
1923-24	21000,00	77	272,73	100	210,00	74,47	282
1924-25	22000,00	80	275,00	118	186,44	57,02	327
1925-26	24000,00	80	300,00	126	190,48	64,57	295
1926-27	24000,00	79	303,80	140	171,43	64,45	266
1927-28	22000,00	82	268,29	151	145,70	58,05	251
1928-29	24000,00	84	285,71	149	161,07	63,66	253
1929-30	24000,00	78	307,44	137	175,18	68,70	255
1930-31	24000,00	81	296,30	153	156,86	62,25	252
1931-32	24000,00	91	263,74	163	147,24	63,19	233
1932-33	24000,00	90	266,67	157	152,87	66,18	231
1933-34	24000,00	83	289,16	157	152,87	67,64	226
1934-35	24000,00	89	269,66	165	145,45	63,80	228
1935-36	24000,00	91	263,74	170	141,18	60,85	232
1936-37	24000,00						242

- 1) Nokkrum hluta námsstyrksins, er veittur var 1912, var ekki úthlutað fyrir en á haustmíssærinu (fyrir nýjar) og verður því að telja þann hluta með styrkinum á háskólaárinu 1912-1913.
- 2) Árin 1912-15 (incl.) var stúdentum eigi úthlutaður allur sá styrkur, er veittur hafði verið úr landssjóði, heldur var nokkur hluti endurgreiddur í lands- sjóð:
 - 1912----- 40,00 kr.
 - 1913----- 85,00 -
 - 1914-----124,75 -
 - 1915----- 0,01 -
- 3) 1918 var nemendum veittur 50% styrkuki úr landssjóði.
- 4) Í tölu stúdentu eru auðvitað aðeins taldir þeir, er verið hafa íslenskir ríkisborgarar.
- 5) Vísitölurnar eru teknar eftir því sem þær voru í október, í byrjun hvers háskólaárs.

Af skýrslunni má sjá, að meðalstyrkur hvers styrkþega hefir verið allbreytilegur, en þó einna lágstur 1911-17, 1918-19 og 1922-23. Aftur á móti var meðalstyrkur hvers stúdents, ef allir hefðu hlotið styrk, hæstur 1919-20, 261,90 kr., en hefir síðan yfirleitt farið lakkandi og hefir aldrei verið lægri að krónutali en 1935-36 (að frádregnu 1911-12, en þá var nokkur hluti styrksins geymdur til næsta háskólaárs, eins og áður er sagt). Orsök þess er sú, að studentafjöldinn hefir vaxið hlutfallslega miklu hraðar en heildarstyrkurinn úr ríkissjóði, og hefir því verið horfið að því ráði, að veita hlutfallslega færri og færri stúdentum styrk, svo að þá, er fengju hann, munaði heldur eitthvað um hann. Meðal annars hefir á síðustu árum verið tekin upp sú venja, að veita stúdentum á fyrsta ári engan styrk, en það er ákaflega óheppilegt, því að það bitnar fyrst og fremst á þeim, sem fatækastir eru, það að þeir eru sviftir styrknám, þótt lítill sé, getur orðið þess valdandi, að þeir fái aldrei tækifæri til að byrja háskólanám.

Ef veitt hefði verið úr ríkissjóði hlutfallslega jafnmikið að krónutali 1936 sem 1915, miðað við studentafjölda, þá hefði heildarstyrkurinn 1936 átt að vera c: 32885,00 kr. Virðist þó eigi ósanngjarnt að taka árið 1915 til samanburðar, þar sem meðalstyrkur það ár er lágstur um 6 ár í röð hin fyrstu (nema 1911-12). Þetta gefur þó eigi fyllilega rétta mynd af því, ~~hvað~~ hvað styrkurinn er tiltölulega miklu lægri nú en fyrst, því að einnig verður að taka tillit til hinnar miklu verðhækkunar, er orðið hefir frá því fyrir stríð. Framfærslukostnaður í Reykjavík var síðastliðið ár 142% hærri en 1913. Auk þess hafa bækur hækkar geysilega í verði, en enginn hagfræðilegur útreikningur mun til um það atriði en það mál snertir þó stúdentana mjög. Ef tekið hefði verið fyllilega tillit til bæði studentafjölgunarinnar og hækkunar framfærslukostnaðar, þá hefði allur náms- og húsaleigustyrkur til stúdentana árið 1936 átt að vera c: 76293,00 kr.